

Upplýsingar til ferðamanna

Ekki verður rekin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í sumar. Í stað þess munu þeir sem þjónusta ferðamenn veita þeim upplýsingar.

Þá geta þeir sem það vilja, fengið einblöðunga til að afhenda ferðamönnum um tjaldsvæði. Nánari upplýsingar má fá á netfanginu ferdamal@dalir.is.

Eiríksstaðir í Haukadál

Opið verður daglega á Eiríksstöðum frá 1. júní til 31. ágúst kl. 9-18.

Byggðasafn Dalamanna

Sumaropnun Byggðasafns Dalamanna er frá 1. júní til 31. ágúst. Safnið er opið daglega kl. 10-16. Aðgangseyrir er 1.000 kr fyrir fullorðna, en frítt er fyrir börn að 18 ára aldri í fylgd með fullorðnum.

Auk sumaropnunar verða farnar nokkrar kvöldgöngur í sumar á vegum safnsins. Hafa skal í huga að sagan og spjallið mun skipta meira máli en lengd göngu og hraði. Göngurnar verða auglýstar á vef Dalabyggðar og fb-síðu safnsins. Allir göngufærir eru velkomnir á eigin ábyrgð og enginn aðgangseyrir, en góðar sögur alltaf vel þegar. Fyrsta gangan verður 1. júní.

Sælingsdalslaug

Sælingsdalslaug verður lokuð 29. maí - 4. júní vegna árlegs viðhalds og námskeiða starfsmanna. Opnunartímar í sumar verða auglýstir á vefum Dalabyggðar og Ungmenna- og tómsundabúðanna.

Garðland

Garðland fyrir grænmetisræktun í Búðardal er í námunda við vatnstankinn. Íbúum Dalabyggðar er frjálst að helga sér reit á svæðinu til afnota sumarlangt endurgjaldlaust, en eru beðnir að gæta hófs varðandi stærð þannig að sem flestir áhugasamir geti nýtt sér svæðið.

Reglur um opnunartíma veitinga- og gististaða

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 16. maí voru samþykktar reglur um opnunartíma veitinga- og gististaða í Dalabyggð. Er það í samræmi við 24. gr. lögreglusamþykktar Dalabyggðar nr. 375/2016.

Reglurnar í heild sinni má lesa á vef Dalabyggðar, www.dalir.is.



DALAPÓSTURINN

7. tölublað, 10. árgangur
31. maí 2017

Könnun á GSM sambandi

Vegna fyrirhugaðra ljósleiðaraframkvæmda er óskað eftir upplýsingum um farsímasamband í Miðdölum, Hörðudal og Skógarströnd.

Íbúar í Miðdölum, Hörðudal og Skógarströnd sem eru með lítið eða ekkert farsímasamband heima á bæ eru beðnir um að láta vita um það með tölvupósti á sveitarstjóri@dalir.is eða hringja í Sigfríði í síma 430 4700, milli kl. 10 og 12 virka daga. Óskað er eftir að svör berist fyrir 10. júní.

Hreyfivika

Í tilefni hreyfiviku UMFÍ er ýmis hreyfimiðuð dagskrá í vikunni. Knattspyrnu- og frjálsípróttæfingar UDN hefjast nú í vikunni. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag æfinganna eru á heimasíðu UDN.

Í hreyfivikunni verður meðal annars boðið upp á tvær kvöldgöngur. Byggðasafn Dalamanna sér um göngu á Svínadal fimmtudaginn 1. júní. Farin verður merkt göngleið og hefst hún vestan Mjósunda kl. 20. UDN sér síðan um kvöldgönguna sunnudagskvöldið 4. júní og gengið verður á Tregastein í Hörðudal. Gangan hefst við Hólmarétt kl. 20:30.

Lóðasláttur eldri borgara

Þeir eldri borgarar sem þarfnast lóðasláttar, þurfa að sækja um það á skrifstofu Dalabyggðar, einnig er umsóknareyðublaðið að finna á heimasíðu Dalabyggðar, www.dalir.is.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur